

FUNDARGERÐ
BYGGÐARRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

727. fundur byggðarráðs Húnaþings vestra, haldinn mánudaginn 21. nóvember 2011 kl. 16:00 í fundarsal Ráðhússins.

Dagskrá:

1. Gerð útboðsgagna vegna útboðs sorphirðu.
2. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi v/Félagsheimilisins Víðihlíð.
3. Bréf Sýslumannsins á Blönduósi v/Neðra-Vatnshorns.
4. Bréf Mennta-og menningarmálaráðuneytisins.

Afgreiðslur:

1. Viðræður við starfsmenn tæknideildar vegna útboðs á sorphirðu. Farið yfir drög að útboðsgögnum.
2. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi, þar sem óskað er eftir umsögn vegna leyfis samkv. lögum nr. 85/2007 um veitinga og gististaði, vegna umsóknar Sigrúnar H. Sigurbjartsdóttur f.h. Félagsheimilisins Víðihlíð, um endurnýjun leyfis til að reka samkomusal í flokki I yfir veitingastaði. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
3. Lagt fram bréf Sýslumannsins á Blönduósi, þar sem óskað er eftir umsögn vegna leyfis samkv. lögum nr. 85/2007 um veitinga og gististaði, vegna umsóknar Andreu Laible f.h. Rúnars Bragasonar, um endurnýjun leyfis til að reka gististað í flokki II að Neðra-Vatnshorni. Sveitarstjóra falið að afgreiða erindið í samráði við byggingafulltrúa og slökkviliðsstjóra.
4. Lagt fram bréf Mennta-og menningarmálaráðuneytisins dags. 10.nóvember s.l. um eftirlit með fjölda skóladaga í grunnskólum skólaárið 2010-2011. Bréfinu vísað til skoðunar fræðslu-og félagsmálastjóra.

Fundargerðin upplesin og samþykkt.

Fundi slitið kl: 17:33

Sigurbjörg Jóhannesdóttir.

Stefán Einar Böðvarsson.

Elín R. Líndal.

Skúli Þórðarson, sveitarstjóri.

Áheyrnarfulltrúi:

Guðrún Ragnarsdóttir, fundarritari

Elín Jóna Rósinberg.